

Skýrslufundur - aðalfundur Öldungadeildar Skýrslutæknifélagsins

Haldinn föstudaginn 24.feb. 2017, hjá LS Retail, Hagasmára 3, Kópavogi.

Mætt:

- Ágúst Úlfar Sigurðsson
- Bergþóra K. Ketilsdóttir
- Hulda Guðmundsdóttir
- Anna Kristjánsdóttir
- Sigurður Bergsveinsson
- Kjartan Ólafsson
- Arnlaugur Guðmundsson
- Sigrún Helgadóttir
- Þorsteinn Hallgrímsson
- Örn S. Kaldalóns

Fundurinn hófst á því að Magnús Norðdahl forstjóri LS Retail kynnti starfsemi LS Retail sem er umfangsmikil einkum erlendis en þróun fer fram á Íslandi.

Að því loknu þakkaði Þorsteinn (ÞH), formaður stjórnar Magnúsi fyrir fundaraðstöðu og veitingar og setti fundinn. ÞH lagði til að Arnlaugur væri kosinn fundarstjóri og Örn ritari. Var það samþykkt.

Skýrsla stjórnar

Skrifleg dagskrá lá ekki fyrir en samkvæmt hefð flutti ÞH skýrslu stjórnar og en hana er að finna á svæði Öldungadeildar á vef Ský.

Þar kom m.a fram að:

- Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.
- Þann 26. maí 2016 var vefútgáfa ritsins um sögu upplýsingatæknin á Íslandi 1964 – 2014 opnuð í Hannesarholti. Atburðurinn var ekki mikið auglýstur vegna þess að ritið er ekki fullgert því enn vantar efni og kynningin m.a. gerð til að fá viðbrögð og ábendingar við því sem þar kemur fram. Formaður ritnefndar er Arnlaugur en Anna Ólafadóttir Björnsson (AÓB) er höfundur ritsins og skilaði hún mjög góðu verki. AÓB vann úr innkomnum athugasemdum og skilaði af sér rétt fyrir jól og er efnið komið inn í ritið á vefnum sky.is. Nú er ráðgert að búa ritið til betri útgáfu og kynningar og stefnt að september 2017. Enn á eftir að fjármagna prentun á ritinu.
- Enginn fræðslufundur var haldinn á árinu.
 - Minjasöfnun þarf að "ljúka" að sinni með því m.a. að vinna með Landsbankanum hf en bankinn réð starfsmann, safnafræðing, til þess að skrásetja muni, og sendu skrána til ÞH og Sigurðar. Þeir fóru yfir skrána og komu með tillögur um framhaldið. Þar stendur málið núna. Þess má geta IBM 9370 er í til starfhæfu ástandi og þarf að finna henni stað. Einnig leynast munir sem taka þarf afstöðu til, svo sem hjá Reiknistofu Bankanna, Opnum kerfum og hjá Eppli.is. Kjartan var sýningarstjóri á 25 ára afmæli Ský og gerði þá samning við Árbæjarsafn og Þjóðminjasafn sem tóku vel í að geyma muni. Þjóðminjasafn er að taka við sér en ekki Árbæjarsafn. Tengt þessu var minnst á svokallað nördahorn á UT Messu þar sem Þór Jóhannsson sýndi hluta af safni sínu.
- Rætt var um að bjóða mætti fólki frá Norðurlöndum þegar ritið un upplýsingatækni á Íslandi yrði kynnt en tími reyndist of naumur.

Umræður um skýrslu stjórnar

Fram kom hjá Sigrúnu að hún hefði sent inn kafla um Orðanefndina og er hún komin á vefinn. Taldsverð umræða var um myndir í ritið en það er erfitt viðureignar ekki aðeins vegna þess að það er ákveðið umstang við hverja mynd, heldur einnig vegna þess að mjög erfitt er að finna myndir í þeim gæðum að dugi til prentunar. Myndir fengnar með hjálp vefsins timarit.is duga fyrir vefútgáfu en sjaldnast fyrir prentútgáfu. Ljósmyndasöfn eru illa skráð og sumar myndir hafa glatast s.s. frá Tímanum. Sigrún upplýsti að myndir Harðar Arinbjarnar væru á Raunvísindastofnun og leitar hún að þeim. Einnig er vitað um þrjár úrklippumöppur Ottó A. Michelsens hjá HÍ og munu Örn og Þorsteinn reyna að finna hvað hafi orðið af þeim.

Stjórnarkjör

Bergþóra sagðist tilbúin að stíga til hliðar og einnig Brgsveinn skv. skeyti sem hann sendi. ÞH hvaðst vilja stíga til hliðar sem formaður og fram kom að rætt hefði verið við Önnu Kristjánsdóttur um að taka við formennsku og er hún tilbúin til þess. Það eiga að vera 5 í stjórn, en eru nú 6. ÞH lagði til með vísan í starfshætti ýmissa faghópa Ský að fráfaramandi stjórn yrði endurkosinn og Önnu bætt við. Það var samþykkt.

Önnur mál

Arnlugur telur að gera þurfi átak í að fá inn nýja féлага.

ÞH ræddi um kominn væri tími til að skoða hvernig við höldum áfram starfsemi Öldungadeildar.

Anna ræddi um að koma skilaboðum til yngra fólks að sagan sé einhvers virði. Það þekkir ekki söguna og brýnt að endurtaka ekki mistök. Hún skrifaði niður hugmynd um hvað sé brýnt að gera og leggur einkum áherslu á tvennt:

Ná til yngri kynslóðarinnar, sem myndi hóp um gildi og varðveislu sögunnar. Þráðurinn sé rekjanlegur og vel varðveittur. Hvað vill unga fólkið vita frá sögunni? Fá samræður í gang milli eldri og yngri. Anna mun ræða þetta á aðalfundi SKÝ.

Nota tækifærið þegar ritið er tilbúið og ræða við fagfólk sem á ekki aðild að Ský og veit ekki um starfsemi Ský. Er þar einkum átt við listamenn er fát við tónlist, ritlist og kvikmyndir og nota kannski önnur orð en fólk í upplýsingatæknigeiranum.

Rætt var um að Öldungadeildin standi fyrir fundi til þess að nýta frumherja til þess að segja frá starfinu.

Að lokum var nokkuð rætt um máltækni og stöðu íslenskunar innan upplýsingatækni en á síðasta aðalfundi var það nokkuð áhyggjuefni. Nú hefur rofað til og útlit fyrir að talsverðu fé verði varið til að þessara mála.

Fundi slitið 14:10.